

Albert Guðmundsson
Landsvirkjun
Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 26. nóvember 2008
Tilvísun: UST20081100032/ksj

Rannsóknarboranir á Þeistareykjum, Þingeyjarsveit Drög að tillögu að matsáætlun

Vísað er til erindis Þeistareykja ehf dags. 10. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að tillögu að matsáætlun fyrir rannsóknarboranir á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit.

Í erindinu kemur fram að Þeistareykir ehf áforma að bora þrjár til fjórar rannsóknarholur á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit.

Borun rannsóknahola er tilkynningaskyld framkvæmd skv. 6. gr. 2. viðauka tl. 2 c i í lögum nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum, en eins og fram kemur í erindinu óskuðu Þeistareykir ehf. eftir því að fara með fyrirhugaðar rannsóknarboranir beint í mat á umhverfisáhrifum og hefur Skipulagsstofnun fallist á þá málsmeðferð.

Markmið framkvæmdar

Í samstarfi við Landsvirkjun vinna Þeistareykir ehf að undirbúningi jarðhitavirkjana á háhitasvæðum í Þingeyjarsýslum, sem skv. inngangi gæti orðið 400 MWe alls. Einnig kemur fram í drögunum að unnið sé að undirbúningi allt að 150 MWe jarðhitavirkjun á Þeistareykjum. Einnig kemur fram að talið er nauðsynlegt að auka rannsóknarboranir á austurhluta svæðisins og fara inn á vesturhluta þess.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun

Framkvæmd

Í umfjöllun um framkvæmdina kemur fram að ætlunin sé að bora þrjár til fjórar rannsóknarholur til viðbótar við þær sex sem þegar hafa verið boraðar á Þeistareykjasvæðinu. Einnig kemur fram að 1 af rannsóknarholunum verður boruð út frá fyrirliggjandi borteig en fyrir hinar borholurnar séu til skoðunar 5 mismunandi kostir á staðsetningu. Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur um að staðsetja eigi borteiga nálægt núverandi vegslóðum og þar sem hægt er að forðast rask. Umhverfisstofnun telur að að hafa þurfi í huga að borteigar hafi ekki neikvæð áhrif á hverfisvernduðu svæði staðarins, sér í lagi

umhverfis sæluhúsið og útsýni þaðan.

Samkvæmt uppdrætti af framkvæmdsvæði Þeistareykjavirkjunar dags. 22. 4. 2008 er áætlað að stöðvarhús virkjunarinnar verði í nokkurri fjarlægð frá hverfisvernduðu svæðunum umhverfis sæluhús Þeistareykja, til að þrengja ekki að svæði með mikið útivistargildi og mikið náttúruverndargildi sbr. náttúruminjasrá.

Umhverfisstofnun bendir á að með því að staðsetja marga borteigi í næsta nágrenni þessara hverfisvernduðu svæða verður ávinningur af því að hafa stöðvarhúsið í nokkurri fjarlægð frá þeim minni, því fyrirferð margra borteiga og gufulagna mun skyggja á hverfisvernduðu svæðin. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að á afstöðumynd af svæðinu komi fram væntanlegar lagnaleiðir frá borholum að skiljustöð auk staðsetningar stöðvarhúss sbr. ákv. 3.5 í drögum að tillögu að matsáætlun fyrir rannsóknarboranir í Gjástykki. Einnig þyrfti að koma fram rökstuðningur fyrir vali á staðsetningu fyrir þessar 3 tilraunaholur og stöðvarhús.

Borteigar


Umhverfisstofnun vill koma því á framfæri á fyrri stigum hve mikilvægt er að huga að hönnun og frágangi borplana þannig að fyrirferð í náttúrunni sé í lágmarki. Borplan sem staðsett er í hrauni þarf að vera fellt að landi.


Borholur

Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi skýrar um rannsóknir á borvatni og frárennslisveitu borvatns.

Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir við ofangreinda framkvæmd á síðari stigum matsferils.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Audur@mannvit.is